

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 4. september 1998.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðast svo:

Ökutæki má ekki vera lengra en hér segir:

a.	Bifreið, önnur en hóp bifreið	12,00 m
b.	Hóp bifreið með fleiri en tvo ása	15,00 m
c.	Hóp bifreið með tvo ása	13,50 m
d.	Eftirvagn	12,00 m
e.	Hóp bifreið með eftirvagn	18,75 m
f.	Vagnlest, bifreið með festi- eða hengivagni	20,00 m
g.	Vagnlest, bifreið með tengivagni	22,00 m
h.	Liðvagn	18,00 m

2. gr.

10. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 834/2001, breytist þannig:

- Í stað orðsins „Skráningarstofan hf.“ í 1. mgr. kemur: Umferðarstofa.
- Í stað dagsetningarinnar „15. nóvember 2003“ kemur: 15. maí 2004.

3. gr.

Fjórða þankastrik í a. lið 15. gr. orðast svo:

- loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða eftir ástandi vegar, gerð ökutækis og kröfum veghaldara.

4. gr.

20. gr. breytist þannig:

- Á eftir orðunum „tilskipun 96/53/EB“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: með síðari viðbót 2002/7/EB.
- Á eftir orðunum „bls. 55-73“ í 2. mgr. kemur: og 67. hefti 2002, bls 47.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, til innleiðingar á tilskipun 2002/7/EB, sem vísað er til í lið 15a, viðauka XIII, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.